Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1830
komudagur 1.3.2013

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2013

Efni: Umsögn innflytjendaráðs um frv. til útlendingalaga, 541. mál.

Innflytjendaráð starfar samkvæmt lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, og skipar velferðarráðherra formann og einn fulltrúa, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera úr hópi innflytjenda. Auk þess skipar ráðherra einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu þess ráðherra sem fer með málefni útlendinga, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu þess ráðherra sem fer með fræðslumál, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar. Innflytjendaráð hefur rætt meðfylgjandi umsagnarbeiðni á 91. fundi ráðsins.

Innflytjendaráð fagnar mörgum þeim réttarbótum sem koma fram í frumvarpinu. Innflytjendaráð vekur þó athygli á því að um umfangsmiklar breytingar er að ræða frá núgildandi lögum og því mikilvægt að vanda undirbúning fyrir gildistöku laganna. Má sérstaklega nefna að allt upplýsingaefni fyrir útlendinga, til dæmis heimasíða Fjölmenningarseturs, upplýsingabæklingarnir *Fyrstu skrefin* og *Rétturinn þinn* úreldast við gildistöku laganna og því þarf að huga að því að upplýsingaefni er varðar dvalarleyfi verði tilbúið þegar lögin taka gildi á sem flestum tungumálum.

Jafnframt má geta þess að lagaákvæðin um dvalarleyfi eru flókin fyrir bæði umsækjendur sem og þá aðila sem leiðbeina erlendum ríkisborgurum. Mikið er um undanþágur frá almennum skilyrðum í dvalarleyfisflokkunum og getur verið torvelt að átta sig á hvort og þá hvaða dvalarleyfi einstaklingur getur sótt um. Má nefna sem dæmi 51. gr. sem fjallar um dvalarleyfi fyrir einstaklinga í sambúð en þar er að finna undanþágur fyrir einstaklinga sem hafa ekki verið í sambúð en ætla sér að vera í sambúð og eiga von á barni eða eiga barn saman, en getnaður þarf að eiga sér stað á meðan báðir aðilarnir höfðu dvalarleyfi hér á landi eða getnaður hefur átt sér stað áður en ábyrgðaraðili kom til landsins. Auk þess er mikilvægt að orðanotkun sé samræmd en í a-lið 2. mgr. greinarinnar segir „hyggjast búa í skráðri sambúð“ en í b-lið sömu málsgreinar segir „ætla að búa saman“.

Þá má benda á að dvalarleyfi vegna forsjár eða áframhaldandi umgengni við barn skv. 57. gr. er flókið ákvæði og erfitt getur verið fyrir einstakling að átta sig á hver lagaleg staða hans er og hver staða einstaklingsins er ef umgengni við barnið hefst á seinni árum, til dæmis ef einstaklingur fær dvalarleyfi á þessum grundvelli og barnið er 16 ára gamalt. Missir þá einstaklingurinn dvalarleyfi þegar barnið nær 18 ára aldri?

Í ljósi þess að ekki hefur verið gert mat á áhrifum frumvarpsins leggur innflytjendaráð að settur verður á laggirnar starfshópur sem mun vinna að því að safna upplýsingum og þróa mælikvarða til að meta áhrifin sem lögin hafa í för með sér, svo sem á vinnumarkað, sveitarfélög og vegna kostnaðar, verði frumvarpið samþykkt á Alþingi. Ekkert er um tæmandi athugasemdir að telja hér en það er mat innflytjendaráðs að mikilvægt sé að lagaákvæði er snúa að jafn mikilvægum réttindum líkt og dvalarleyfi eru þurfa að vera skýr.

Innflytjendaráð er samráðsvettvangur fimm aðila og þar sem Alþingi hefur jafnframt óskað eftir umsögn frá þeim aðilum sem eiga fulltrúa í ráðinu þá telur ráðið ekki þörf á sérstakri umsögn af þeirra

hálfu. Fulltrúi innanríkisráðuneytisins tók ekki þátt í umræðunni vegna frumvarps til laga um útlendinga.

Líkt og endranær mun velferðarráðherra koma að umræðunni í þinginu þyki honum ástæða til.

F.h. innflytjendaráðs,

Tatjana Latinović

Tatjana Latinovic